

FUNDARGERÐ

299. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF að Einhleypingi 1.
Miðvikudaginn 20. október 2021 kl. 14:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Skúli Björnsson (SB)
Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: *Enginn*

Gestir fundarins eru:

Magnús Jónsson endurskoðandi (MJ) og starfsmenn HEF, Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) og Fjóla Sigurðardóttir (FS)

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 8 mánaða uppgjör, DRÖG – endurskoðandi kynnir
 - 2 Rekstraráætlun 2022, DRÖG
 - 3 Endurnýjun bókhaldskerfis
 - 4 Staða verkefna – ÞBR mætir
 - 5 Eiðaveita – staða vinnu við hagkvæmnimat
 - 6 Skógrækt á Flötum
 - 7 Önnur mál
 - a. Fréttir frá Samorku
 - b. Vettvangsferð – fráveita
 - c. Heimsókn sveitarstjórnarfólks til HEF
-

1 8 mánaða uppgjör, DRÖG – endurskoðandi kynnir

Lögð fram drög að árshlutauppgjöri félagsins fyrir 8 mánuði. MJ fór yfir helstu niðurstöður og svaraði spurningum, stjórn vísar uppgjörinu til afgreiðslu á næsta fundi.

2 Rekstraráætlun 2022, DRÖG

Rekstraráætlun er í vinnslu og mun framkvæmdastjóri boða til sérstaks fundar um rekstrar- og fjárfestingaráætlanir.

3 Endurnýjun bókhaldskerfis

Nú stendur yfir vinna um að færa HEF yfir í nýtt bókhaldskerfi.
MJ og FS véku af fundi í lok liðar.

4 Staða verkefna – ÞBR mætir

Djúpivogur. Vinna stendur yfir við að tengja Kassaverksmiðjuna. Rætt um stöðuna á fyrirhuguðum fráveituframkvæmdum.

Seyðisfjörður. Tillaga að lögnum vegna nýbygginga á fótboltavelli liggja fyrir. Verið er að skoða hólka í gegnum Ránargötu en þar er vatnslögn sem þarf að skipta út. Greiningarvinna vatns og fráveitu gengur vel.

FLjótsdalshérað. Rætt um framkvæmdir við Melshorn og þá liði sem færast yfir á næsta ár. Verið að klára tengingar við Unabyggð. Unnið er áfram að skoðun um lagningu hitaveitu til Eiða.

Borgarfjörður. Vonandi fer verkið um endurnýjun vatnslagnar frá Fjarðarborg austur að Borg af stað í næstu viku.

ÞBR vék af fundi í lok liðar.

ÁB vék af fundi.

5 Eiðaveita – staða vinnu við hagkvæmnimat

Farið yfir stöðuna á verkefninu.

6 Skógrækt á Flötum

Farið yfir stöðu mála. Frekari gögn væntanleg frá málsaðila.

7 Önnur mál

a. Fréttir frá Samorku

Punktur frá síðasta fundi ráðgjafaráðs Samorku lagðir fram til kynningar.

b. Vettvangsferð – fráveita

Þorsteinn og Aðalsteinn fóru í vettvangsheimsóknir með Fráveitufagraði Samorku til fráveitna, í Mývatnssveit, Dettifoss, Akureyri og Dalvík.

c. Heimsókn sveitarstjórnarfólks til HEF

Formaður og Þorsteinn tóku á móti sveitarstjórnarfólki úr Eyjafirði við Urriðavatn s.l. laugardag.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá þann 3. nóvember næstkomandi.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 18:04.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2021

